6 5. jan.

LÖG

um afnám laga nr. 81 19. júní 1933 og um framlenging á gildi eldri laga um verðtoll.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 81 19. júní 1933, um framlenging á gildi laga um verðtoll, eru úr gildi numin frá 12. september 1933 að telja.

2. gr.

Lög nr. 47 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, svo og lög nr. 5 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, með þeim breytingum, sem leiðir af lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll, skulu gilda til ársloka 1934.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 5. janúar 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.